

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. apríl 2017
2017030036/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða), 271. mál

Vísað er til tölvupósts;bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 29. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða), 271. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að eðlilegt sé að hafa í lögum um lax- og silungsveiðar ákvæði sem heimilar ráðherra að setja reglur um álaveiðar, m.a. að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt.

Í greinargerð með frumvarpinu eru færð rök fyrir því hvers vegna framangreint ákvæði er talið nauðsynlegt og m.a. vísað til þess að það vanti skýr ákvæði í lögini til að hægt sé að bregðast við þegar álastofninn á undir högg að sækja, sem m.a. hefur komið fram í því að tegundin hefur verið sett á CITES lista (Appendix II). Það vekur hins vegar athygli Náttúrufræðistofnunar að í frumvarpinu er ekki vikið að því að heimild til að bregðast við þágrí stöðu álastofnsins er nú þegar fyrir hendi sbr. 56. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og markmið 2. gr. sömu laga en þar er m.a. vísað til ákjósanlegrar verndarstöðu stofna og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það vekur einnig athygli að í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að leggja mat Hafrannsóknastofnunar til grundvallar um hvort nauðsynlegt sé að vernda þessa tilteknu dýrategund fyrir veiðum eða ekki. Rétt er að benda á að Hafrannsóknastofnun á fulltrúa í fagráði sem er Náttúrufræðistofnun til ráðgjafar um náttúruminjaskrá.

Til að hægt sé að taka ákvarðanir um hvort vernda þurfi álastofninn á Íslandi þarf að vakta hann reglulega. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands **ábyrgð á vöktun lykilþáttta íslenskrar náttúru** að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Samkvæmt sömu grein á Náttúrufræðistofnun einnig að vinna heildstæða vöktunaráætlun skv. 1. mgr. og skipuleggja framkvæmd hennar. Stofnuninni er ekki kunnugt um að fram hafi farið regluleg vöktun á álastofninum hér á landi, nema að einhverju marki á einstökum svæðum, eða að til sé heildstæð vöktunaráætlun fyrir stofninn svo meta megi ákjósanlega verndarstöðu tegundarinnar hér á landi og taka ákvarðanir um vernd og nýtingu þ.m.t. vernd búsvæða




hennar. Náttúrufræðistofnun telur að í framangreindum reglum um álaveiðar eigi að vera ákvæði um vöktun álastofnsins og búsvæða hans og verði þau hluti af vöktunaráætlun lykilþátta íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

